

Minnisblað

Dagsetning: 10. nóvember 2020
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Verkefni 7 – Mývatnssveit friðlýst svæði: Jarðminjar, Hverfjall og Dimmuborgir. Úttekt á Seljahjallagili, Bláhvammi og Þrengslaborgum.

Hverfjall (Hverfell) er friðlýstur gjóskugígur en markmiðið með friðlýsingu gígsins sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir sem hafa bæði mikið fræðslu- og útivistargildi¹. Gígurinn er vinsæll viðkomustaðar ferðamanna sem heimsækja Mývatnssveit en árið 2019 er talið að rúmlega 127 þús gestir hafi komið á Hverfjall og rúmlega 142 þús árið 2017 sem er stærsta árið². Fram til þessa hefur vegurinn að uppgöngunni á Hverfjall (Hverfell) norðanvert legið við rætur fjallsins en í sumar var búið að gera nýjan veg og nýtt bílastæði aðeins fjær fjallinu. Salernishús sem stóð við eldra bílastæðið nýttist áfram.

Dimmuborgir eru friðlýst sem náttúruvætti en í Dimmuborgum eru merkar hraunmyndanir, minjar tæmdrar hrauntjarnar sem myndaðist fyrir um 2300 árum þegar hraun rann frá Lúdents- og Þrengslaborgum yfir Mývatn og í sjó fram í Skjálfandaflóa. Markmiðið með friðlýsingu Dimmuborga er að vernda sérstæðar jarðmyndanir sem hafa bæði mikið fræðslu- og útivistargildi en svæðið hefur um langa tíð verið mjög vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Árið 2019 er talið að rúmlega 360 þús gestir hafi komið í Dimmuborgir en tæplega 410 þús árið 2017 þegar mest var³. Svæðið er í umsjón Landgræðslu ríkisins sem ásamt Umhverfisstofnun hefur staðið að uppbyggingu fyrir ferðamenn á svæðinu⁴. Fálkaóðal er í Dimmuborgum.

Seljahjallagil, Bláhvammur, Þrengslaborgir og nágrenni er friðlýst sem náttúruvætti en markmið friðlýsingar þess er að vernda sérstæðar jarðmyndanir sem hafa jafnframt mikið fræðslu- og útivistargildi. Náttúruvættið tekur einnig til búsvæðaverndar fálka í Mývatnssveit að hluta⁵. Akfær leið inn á svæðið er aðeins fær jeppum.

Framkvæmd 2020

Vettvangsvinna fór fram 24., 26. og 28. ágúst 2020 og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni, Sigþrúði Stellu Jóhannsdóttur og Ingvari Atla Sigurðssyni sem skoðaði jarðminjar í Dimmuborgum þann 26. ágúst. Þar var:

- Forkönnun gerð á ástandi göngustígs og umhverfi hans inn að Seljahjallagili.
- Göngustígur inn að Seljahjallagili hnitaður með GPS.

¹ Umhverfisstofnun ártal vantar. Sótt 21. október 2020 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/hverfjall/>

² Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir 2020. Gögn um talningar og fjölda gesta í Dimmuborgum.

³ Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir 2020. Gögn um talningar og fjölda gesta í Dimmuborgum.

⁴ Umhverfisstofnun ártal vantar. Sótt 21. október 2020 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/dimmuborgir/>

⁵ Umhverfisstofnun ártal vantar. Sótt 21. október 2020 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/seljahjallagil/>



- Dimmuborgir myndaðar með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli.
- Skemmdir á jarðminjum í Dimmuborgum við valda göngustíga skráðar og hnitaðar.
- Hentistígar út frá hluta göngustíga í Dimmuborgum gengnir, hnitaðir og breidd stíga og ástand gróðurþekju metin skv. aðferð 2c.
- Álagssvæði við hluta göngustíga í Dimmuborgum ljósmynduð og skráð.
- Ljósmyndir teknar af Hverfjalli til myndvöktunar á umferð utan merktra göngustíga á fjallið.
- Ljósmyndir teknar, hnitsettar og skráðar. Hluti þeirra nýtist við áframhaldandi myndvöktun.

Gert hafði verið ráð fyrir myndatöku með flygildi af Hverfjalli (Hverfelli) en hæðarmismunur gerir slíka myndatöku ófullkomna. Við skoðun á aðstæðum og viðtal við starfsmann Umhverfisstofnunar var ákveðið að láta endurtekna ljósmyndun af Hverfjalli á völdum stöðum duga. Nýr vegur og bílastæði fjær Hverfjalli dregur úr álagi og líkum á að gengið sé upp gíginn utan merktra göngustíga.

Loftmyndir frá Dimmuborgum verða bornar saman við niðurstöður úr vettvangsathugun á hentistígum og álagssvæðum við göngustíga. Með því er vonast til að í framhaldinu verði hægt að styðjast að miklu leyti við myndgögn úr flygildi til að vakta áhrif ferðamanna á gróður- og jarðvegseyðingu í Dimmuborgum ásamt myndvöktun á völdum stöðum.

Frumgögnum; eyðublöðum, GPS skrá og myndgögnum hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar en það á eftir bæta skráningu við einstakar myndir. Eftir er að vinna úr myndkortum og landlíkönum. Áfram verður unnið í verkefninu í vetur.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Merkt bílastæði er við upphaf gönguleiðar inn að Seljahjallagili. Gönguleiðin er einnig merkt og er hún að hluta til hringleið, hún er nýlega merkt. Um helming leiðarinnar er gengið í gömlum vegslóða sem nú hefur verið lokað fyrir bílaumferð. Þar sem slóðinn endar skiptist gönguleiðin í tvennt og er framhaldið hringleið inn að gilinu. Í slóðanum er jarðvegsrof á stöku stað en gróður og jarðvegur eru mjög rofgjarnir á þessu svæði. Gengin var nyrðri leiðina inn að Seljahjallagili en sú leið er mun greinilegri en hinn hluti hringleiðarinnar. Frá vegslóðanum og inn að gilinu er gönguleiðin stundum óljós þannig að tveir samhliða stígar hafa myndast. Með því að hafa stíkur allar sömu megin við göngustíginn og þetta þær á köflum væri hægt að bæta úr þessu. Þegar komið er inn að gilinu skiptist gönguleiðin í tvennt, annars vegar er farið ofan í farveginn framan við gilið og hinsvegar er gengið áfram upp með því. Við farveginn er gróður rofinn í bökkum vegna umferðar. Merkt gönguleiðin upp með gilinu endar skyndilega og er óvíst af hverju sá staður var valinn til að enda hana. Frá síðustu stíku liggja nokkrir stígar áfram upp á brún. Lítilsháttar gróður- og jarðvegseyðing er í brekkunni vegna umferðar og er full ástæða til að fylgjast áfram með þróuninni. Einnig þyrfti að færa til og þetta stíkur til að afmarka betur gönguleiðir en hringleiðin áfram suður frá gilinu er einnig óljós.

Við Hverfjall (Hverfell) voru annars vegar teknar myndir af hentistígum sem liggja upp suðvestanverðan gíginn. Þar er upphaf eldri vegar við rætur gígsins en með tilkomu nýs vegar fjær gígnum er það vandamál vonandi úr sögunni. Hinsvegar voru teknar myndir af sunnanverðum gígnum þar sem gönguleiðin kemur niður af honum og heldur áfram í Dimmuborgir, þar hefur aðeins verið gengið utan stígsins. Báðir myndatökustaðirnir eru í talsverðri fjarlægð frá Hverfjalli (Hverfelli).

Í Dimmuborgum hefur átt sér stað mikil uppbygging. Þar er búið að leggja malbikaða göngustíga á Litla-hring, Stóra-hring og hluta Kirkjuhrings. Framkvæmdir standa yfir á Kirkjuhring og er frágangi því enn ábótavant á nokkrum stöðum, einkum þar sem gróður, jarðvegur og jarðminjar hafa verið rofin með



skeringum. Traðkskemmdir á jarðminjum sjást aðallega við Gatklett, sem er á gönguleiðinni að Hverfjalli, og í Kirkju. Á framangreindum stígum er stýring nokkuð góð. Þar er talsvert notast við bönd til að halda gestum innan stíga. Ef bönd hinsvegar eru bara notuð stundum á svona fjölförnum leiðum og/eða þau bara sett öðru megin getur það verið misvísandi og valdið álagi utan stígsins. Vegna þessa

mátti sjá álag á gróður og jarðminjar á nokkrum stöðum. Einnig þarf að vanda vel hvernig bönd eru sett niður þar sem gestir gera ráð fyrir að allt sem er innan þeirra sé stígur og stikur ættu alltaf að vera sömu megin stígs. Eitthvað er um að grastegundum hafi verið sáð í sár meðfram malbikuðum stígum og stingur það í stúf við birkikjarrið og lyngmóann sem einkennir annars gróðurfar Dimmuborga.

Öðru máli gegnir um stýringu á Krókastíg, sem merktur er sem erfið gönguleið. Þar eru miklar traðkskemmdir, mörg álagssvæði og svæðið víða eins og einn stór leikvöllur. Gróður- og jarðvegseyðing er áberandi á Krókastíg, bæði vegna umferðar ferðamanna en einnig leitar sauðfé skjóls undir klettum vegna mývargs og viðheldur þar rofsvæðum. Gróðurþekja er þurr og viðkvæm og jarðvegur mjög rofgjarn. Á Krókastíg var einnig talsvert traðk á jarðminjum og má velta fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að skilgreina hversu mikið rask er ásættanlegt á svæðinu.

Mjög margir hentistígar eru í kringum Litla-hring, flestir mjög gamlir og hafa jafnað sig talsvert en víða var komin jarðvegsskán og gras í þá stíga. Nokkrir eru þó enn gengnir, sérstaklega þar sem þeir liggja að klettamyndunum. Þegar komið er á Kirkjuhring lækkar birkið og kjarrgróður minnkar og eru hentistígar þar því meira áberandi. Út frá Kirkjuhring eru víða hentistígar og margir gengnir. Rofhætta er til staðar á stöku stað.

Hreiðurstaður fálka sést vel frá Krókastíg og hentistígar liggja frá honum að hreiðurstað.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Lagt er til að fylgst verði með álagi á gróður og jarðveg á skilgreindum og afmörkuðum álagssvæðum í Dimmuborgum. Í Seljahjallagili er lagt til að vakta umfang álags á gróður, jarðveg og jarðminjar með myndvöktun og gera ástandsgreiningu á gönguleið inn að gilinu. Einnig er lagt til að fylgjast með álagi á jarðminjar í Dimmuborgum og völdum myndvöktunarstöðum í Hverfjalli (Hverfelli). Afmörkun rannsóknasvæða og val á vísun til framtíðar þarf að ákveðast með umsjónaraðila svæða og taka mið af mögulegum aðgerðum til að draga úr álagi á svæðin, s.s. með bættu skipulagi, innviðum, merkingum, leiðbeiningum og fræðslu.

Vísar:

- Flatarmál gróðurs- og jarðvegseyðingar á skilgreindu og afmörkuðu svæði í Dimmuborgum.
- Lengd, breidd og ástandsflokkun hentistíga á skilgreindu og afmörkuðu svæði í Dimmuborgum.
- Umfang skemmda á jarðminjum í Dimmuborgum og á völdum myndvöktunarstöðum í Hverfjalli (Hverfelli).
- Umfang álags á gróður, jarðveg og jarðminjar í Seljahjallagili. Breidd, dýpt og rofhætta á göngustíg inn að Seljahjallagili skv. aðferð 2b-1.

Aðferðir:

- Ljósmyndun með flygildi í Dimmuborgum.
- Endurtekin ljósmyndun í Dimmuborgum, við Hverfjall (Hverfell) og í Seljahjallagili.
- Ástandsgreining göngustígs inn að Seljahjallagili skv. aðferð 2b-1.



Vinnuframlag og ferðakostnaður Náttúrustofunnar

Tímabil	Vinnutímar		Fæðispeningar/kr	Akstur/kr
	Gagnasöfnun	Umsjón og úrvinnsla		
1.júní – 10. nóvember 2020	36	35	24800	29859
Alls	36	35	24800	29859

Vinnuframlag og kostnaður starfsmanns Náttúrufræðistofnunar Íslands var ekki skráður hjá Náttúrustofu Norðausturlands.